



STOFNÞING 27.MAÍ 2011

Umræðuskjal fyrir vinnuhóp um

Atvinnu- og kjaramál

Ungt fólk hefur ásamt öðrum orðið fyrir tapi í hruninu en þó vegur tapið þyngra í þessum aldurshópi en hjá eldri aldurshópum því ungt fólk er tekjulítið og er oft berskjaldaðra gagnvart atvinnuleysi en eldra fólk samkvæmt erlendum rannsóknum. Mikið af ungu fólki er atvinnulaust í dag og hefur misst starfið í kjölfar fjármálakreppunnar á Íslandi. Kjaramálin eru bein afleiðing af atvinnumálunum, það er ekki hægt að bæta kjör þegar um enga atvinnu er að ræða.

Staðan í dag?

- Í ljós kemur að stærstu atvinnuleysishóparnir eru yngstu aldurshóparnir á bilinu 20-35 ára. Á aldrinum 18-35 ára eru um 7000 manns á atvinnuleysisskrá sem er um helmingur allra atvinnulausra á Íslandi. Samsvarandi tala var um 700 í ársbyrjun 2008
- Viðbótarárgangar bætast í hóp atvinnuleitanda árlega eða um 2000 manns sem koma úr skólakerfinu í þetta erfiða efnahagsumhverfi.
- Í kjölfar hrunsins varð algert hrun í byggingageiranum og tengdri starfsemi
- Álver og sjávarútvegsfyrirtækin eru með góða afkomu og ferðamannaiðnaðurinn hefur mjög góða stöðu í dag og í afleiddum greinum eins og í hótelum og veitingahúsarekstri er eftirspurn eftir vinnuafli. Það er mikið af tækifærum í orkuvinnslu og í sjávarútvegi og landbúnaði.
- Ísland getur orðið sjálfbærara ef það nýtir eigin orkugjafa í stað þess að flytja inn eldsneyti. Græna hagkerfið verður sífellt mikilvægara þegar mengun og kjarnorkuslysahætta vex í Vesturlöndum.
- Fjölmörg úrræði eru fyrir hendi fyrir ungt fólk og þá sérstaklega í menntamálum en nýlega var samþykkt að aðstoða fólk undir 25 ára aldri að klára framhaldsskólamenntun – *nám er vinnandi vegur*. Þá er markmið átaksins *Ungt Fólk til Athafna* að tryggja að ungt fólk sé ekki atvinnulaust lengur en 3 mánuði, hafi þá vinnu eða noti virkniúrræði.

- Fjölmörg vinnumarkaðsúrræði eru í boði hjá VMST en markmið þeirra er að stuðla að því að atvinnuleitendur fái vinnu, haldi virkni sinni, haldi tengslum sínum við atvinnulífið og auki möguleika fólks til atvinnuþátttöku. Meðal vinnumarkaðsúrræða eru námskeið, atvinnutengd endurhæfing, ráðgjöf og starfsþjálfun

Helstu atriði nýs kjarasamnings milli ASÍ og SA:

Í atvinnumálum hefur nú nýlega unnist mikill áfangi í gerð kjarasamninga til þriggja ára sem tryggir frið á vinnumarkaði. Þetta er mikilvægt skref í átt að efnahagslegu jafnvægi og undirstaða að hagvexti til næstu ára.

- Almenn launahækkun upp á 3-4% til næstu þriggja ára og eingreiðslur vegna tafa á gerð kjarasamnings.
- Sérstök hækkun lægstu launa um 21% og lágmarkstekjutryggingar um 23,6%.
- Verðtryggður persónuafsláttur
- Jöfnun lífeyrisréttinda í áföngum á tímabilinu 2014-2020 en þetta er mikilvægt réttindamál hjá launafólki.
- Sókn í atvinnumálum byggð á skynsamlegri auðlindanýtingu innanlands og þekkingu úr háskólum og iðnskólum. Átak til að minnka atvinnuleysi með fjárfestingum og hagvexti sem byggist á innlendri verðmætasköpun.
- Menntunarúrræði fyrir atvinnulausa og sérstaklega ungt fólk yngra en 25 ára.
- Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga hækkaðar í samræmi við lægstu taxa.
- Hækkun framlaga til Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa tryggir kjör launafólks í fæðingarorlofi og gegn launatapi í gjaldþrota fyrirtækjum.
- Starfsendurhæfingargjald tryggir rétt til endurhæfingar fyrir allt launafólk og þeim sem eru á örorkubótum hjá lífeyrissjóðum.

Hvað höfum við sagt áður?

Stefna ASÍ í atvinnumálum (frá ársfundi ASÍ 2010):

- Meginmarkmiðið er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og reyna að skapa störf sem standa undir góðum lífskjörum.

- Beita sér fyrir því að koma af stað verkefnum sem þegar hafa verið ákveðin, t.d. álver, virkjanir, vegaf framkvæmdir, sjúkrahús og fangelsi.
- Beita sér fyrir mannafls frekum framkvæmdum og viðhaldi opinberra bygginga. Í stað þess að horfa upp á langtímaatvinnuleysi aukast og atvinnuleysisbótasjóði tæmast er betra að nýta sér vinnuaflið til að gera upp gömul hús, mála skólabyggingar osfrv.
- Beita sér fyrir að efla ferðaþjónustu og bæta aðstöðu við vinsæla ferðamannastaði, að bæta samgöngumannvirki er þar grundvallaratriði.
- Beita sér fyrir átaki í fullvinnslu á íslenskum vörum og efla markaðssetningu þeirra, leggja áherslu á hreinleika og íslenska vörumerkið.
- Beita sér fyrir brautargengi nýrra hugmynda, styðja við sprotafyrirtæki og lífvænleg fyrirtæki í fjárhagslegri endurskipulagningu.

Stefna ASÍ í atvinnumálum (frá ársfundi ASÍ 2009):

- Styrkja verður grunngerð samfélagsins; samgöngur, upplýsingaveitur og flutningskerfi raforku til að tryggja hagkvæma nýtingu hennar.
- Nýta verður möguleika sem hefðbundnar greinar íslensks atvinnulífs, sjávarútvegur og landbúnaður þ.m.t. garðyrkja og fullvinnslu afurða, eiga til að sækja fram á erlendum markaði á grundvelli hreinnar framleiðslutækni og grænna gilda. Sama gildir um ferðaþjónustuna sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika.
- Mikilvægt er að atvinnuuppbygging til framtíðar taki mið af þeim margbreytilegu kostum sem er að finna um land allt. Þar sem styrkleikar og möguleikar hvers svæðis og sköpunarkraftur íbúanna eru virkjaðir.
- Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.
- Til framtíðar, þannig að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja verði eðlilegur þáttur í allri umfjöllun og ákvarðanatöku í atvinnulífinu.
- Um endurreisn atvinnulífsins sem nú stendur yfir, þar sem áhersla þarf að vera á gagnsæi og traust á því sem þar er gert

Úr stefnu ASÍ í málefnum ungs fólks

Kaup og kjör

Áherslur ASÍ eru:

- Að leggja sérstaka áherslu á hækkun byrjunartaxta (lægstu launa) og standa vörð um launajafnrétti hjá ungu fólki
- Að koma í veg fyrir skerðingu á réttindaávinnslu ungs fólks í lífeyris- og tryggingarmálum vegna hreyfanleika milli starfsgreina
- Að minnka skerðingar ungs fólks vegna tekjutengingar örorkubóta og almannatrygginga
- Að tryggja að velferðakerfið veiti ungu fólki sem lendir í skakkaföllum, áður en viðunandi réttindaávinnslu er náð á vinnumarkaði, ásættanlegan stuðning

Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að réttur til framreiknings í örorku miðist við samfellda greiðslu í lífeyrissjóð eða sjóða á grundvelli kjarasamninga
- Að endurskoða tekjutengingar milli almannatrygginga og lífeyrissjóða
- Að auðvelda ungu fólki ávinnslu veikindaréttar með því að stefna að ríkari sjóðsmyndun veikindaréttar í stað ávinnslu hjá atvinnurekanda
- Að auðvelda ungu fólki ávinnslu orlofsréttinda óháð starfsaldri hjá atvinnurekanda

Vinnumarkaðs- og atvinnumál

Áherslur ASÍ eru:

- Að vinna, skipulag vinnunnar og vinnumhverfi taki mið af þörfum og hagsmunum starfsmanna
- Að löggjöf og stofnanir ásamt virku innra starfi í fyrirtækjum tryggi ungu fólki vinnuaðstæður eins og best gerist annars staðar
- Að ungt fólk sé verndað gegn starfstengdri streitu, einelti og ofbeldi á vinnustað og þeim afleiðingum sem slíku fylgir
- Að öflugt velferðarkerfi á vinnumarkaði og virkar vinnumarkaðsaðgerðir styðji við ungt fólk og aðstoði það við að vera virkir þátttakendur í atvinnulífinu

- Að ungt fólk kynnist vinnumarkaðinum, samskiptum, samstarfi og vinnustaðamenningu til að gera „lífið í vinnunni“ betra og innihaldsríkara
- Að styrkja stöðu landshlutakjarnanna, þ.e. þess byggðarkjarna innan landshluta sem hefur mest aðdráttarafli fyrir ungt fólk, bestu möguleikana til uppbyggingu atvinnulífs, skóla og menningarlífs
- Að stuðla að hagstæðu umhverfi fyrir vöxt skapandi atvinnugreina, þar sem nýsköpun, öflug upplýsingatækni, menningarstarfsemi og fjárfestar mætast og ný starfsemi vex fram
- Að virkja endurnýjunarkraft rótgrónna atvinnugreina, eins og landbúnaðar og sjávarútvegs

Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að efla vitund og skilning ungs fólks á þeim möguleikum sem eru til að hafa áhrif á vinnuna, vinnuumhverfið og vinnustaðinn. Ungt fólk sé hvatt til þess að eiga frumkvæði og leggja sitt af mörkum á þessu sviði
- Að vinna í samstarfi við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld að treysta velferðarkerfið á vinnumarkaði og tryggja framboð á virkum vinnumarkaðsaðgerðum sem gagnast ungu fólki
- Að standa fyrir upplýstri umræðu um framhaldslíf rótgrónna atvinnugreina, t.d. matvælaíðnaðar á grundvelli ímyndar, hreinleika og hollustu. Einnig er nauðsynlegt að opna slíkar atvinnugreinar fyrir kraftmiklu og hugmyndaríku ungu fólki
- Að taka virkan þátt í sköpun nýrrar þekkingar þar sem upplýsingatækni, menningarstarfsemi og afþreying mætast

